

FUNDARGERÐ

238. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 16. október 2024, kl. 10:00 í gegn um Teams.

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Skarphéðinn Birgisson
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Porkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Radek B. Dudziak

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar
- Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
- Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd
- Umgengni á athafnasvæði Skútabergrs á Moldhaugnahálsi
- Erindi frá N1 vegna olíuskilju frá bílaþvottastöð við Hörgárbraut á Akureyri
- Útgefin starfsleyfi
- Staðfestar skráningar
- Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 237. fundar Heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 18. september sl. Þá var m.a. samþykkt að veita Auto ehf. lokafrest til 1. október sl. til að ljúka tiltekt á athafnasvæði sínu á Svalbarðsströnd. Einnig var samþykkt að hefja að nýju innheimtu dagsekta vegna umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri frá og með 1. október sl. hefði ekki verið bætt úr umgengni á lóðinni fyrir þann tíma. Þá var gerð krafa um skriflega úrbótaáætlun frá Skútabergi vegna umgengni á Moldhaugnahálsi.

2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Við skoðun á lóðinni þann 3. október sl. kom í ljós að ekki hafði verið brugðist við kröfum nefndarinnar um tiltekt á lóðinni og hafði bílum og öðrum lausamunum innan lóðarmarka fjölgað frá síðustu skoðun. Lóðin er því enn til lýta fyrir umhverfið. Innheimta dagsekta hóst því að nýju frá og með 1. október sl. í samræmi við ákvörðun Heilbrigðisnefndar á 237. fundi.

Heilbrigðisnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að tiltekt á lóðinni sem hófst í sumarbyrjun skuli ekki hafa verið kláruð. Nefndin ítrekar kröfur sínar um að tekið verði til á lóðinni án frekari tafa. Dagektir verða innheimtar þar til úr verður bætt.

3. Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd

Á 237. fundi Heilbrigðisnefndar þann 18. september sl. var samþykkt að áminna fyrirtækið vegna brota á samþykkt um umgengni þrifnað utanhúss, sem og vegna brota á reglugerðum um hollustuhætti og meðhöndlun úrgangs. Jafnframt var samþykkt að veita fyrirtækinu lokafrest til 1. október sl. til þess að ljúka tiltekt á lóðinni. Fram kom fram að nefndin myndi íhuga að beita dagsektum yrði tiltekt á lóðinni ekki lokið fyrir þann dag.

Við skoðun á lóðinni þann 3. október sl. kom í ljós að ekki hafði verið brugðist við kröfum um tiltekt á lóðinni og er hún því enn til lýta fyrir umhverfið. Meðferð spilliefna er ábótavant og jarðvegur á svæðinu er víða mengaður af völdum olíu.

Heilbrigðisnefnd harmar það að tiltekt á lóð fyrirtækisins skuli enn ekki vera lokið, þrátt fyrir að fyrirtækinu hafi nú þegar verið veitt áminning sem er vægasta þvingunarúrræði skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að mati nefndarinnar hafa ítrekuð tilmæli og nú síðast væg þvingunarúrræði ekki skilað tilætluðum árangri og því nauðsynlegt að ganga harðar fram í þeim tilgangi að knýja fram úrbætur.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja dagektir á fyrirtækið Auto ehf. að upphæð kr. 50.000,- á dag frá og með 28. október 2024, vegna brota á 1. og 3. gr. samþykktar nr. 463/2002 um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra með síðari breytingum, vegna brots á 1. og 2. mgr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024 og vegna brots á 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Ákvörðun um dagektir er tekin í samræmi við 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. Umgengni á athafnasvæði Skútabergrs á Moldhaugnahálsi

Á 237. fundi Heilbrigðisnefndar þann 18. september sl. lýsti nefndin yfir vonbrigðum sínum með að áform um tiltekt á svæðinu hefðu ekki gengið eftir. Jafnframt óskaði nefndin eftir skriflegri úrbótaáætlun frá fyrirtækinu fyrir 1. október sl. þar sem fram kæmi hvenær og hvernig orðið yrði við kröfum nefndarinnar um úrbætur.

Í aðgerðaráætlun fyrirtækisins kemur fram að tiltekt fari fram á svæðinu í viku 41-42, þar sem ónýtir gámar og rusl veður fjarlægð. Í kjölfarið verður farið í vettvangskönnun um svæðið með heilbrigðisfulltrúa. Einnig kemur fram að unnið sé að undirbúningi sjónmanar í samráði við Vegagerðina og að búið sé að senda inn umsókn vegna geymslusvæðis sem gert er ráð fyrir á deiliskipulagi.

Heilbrigðisnefnd samþykkir úrbótaáætlunina og felur starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins að fylgjast með framvindu mála. Að mati nefndarinnar þurfa framkvæmdir við varanlegt og vandað geymslusvæði að hefjast sem fyrst. Þá ítrekar nefndin þá skoðun sína að þeim hlutum sem ekki hafa varðveislugildi skuli komið í viðeigandi förgun án frekari tafa, enda eiga slíkir hlutir ekkert erindi inn á geymslusvæði.

5. Erindi frá N1 vegna olíuskilju frá bílapvottastöð við Hörgárbraut á Akureyri

Lagt fyrir erindi frá N1 þar sem sótt er um frest til þess að setja niður samrunaolíuskilju við bílapvottastöð við Hörgárbraut á Akureyri til 1. júní 2025.

Heilbrigðisnefnd samþykkir erindið með þeim skilyrðum að innra eftirlit og vöktunaráætlun núverandi olíuskilju verði í samræmi við erindi fyrirtækisins.

6. Útgefin starfsleyfi

1. Sigurjón Helgason. kt. 170748-2129, Tomman Hafnarbraut 21, 620 Dalvík, framleiðsla á pizzum
2. Akur Organic ehf., kt. 410322-1100, Stórholti 1, 680, Þórshöfn, ræktun og þökkun á grænmeti
Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt
3. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, Lokastígur 3b, 620 Dalvík, sambýli, skammtímavistun
4. Foks Food ehf., kt. 610324-0960, Amtbókasafnið, Brekkugötu 17, 600 Akureyri, kaffihús
5. Lotta ehf., kt. 510202-3330, Krua Siam Strandgötu 13, 600 Akureyri, veitingastaður
6. K6 veitingar ehf., kt. 620310-0850, Mama Gee Tryggvabraut 8, 600 Akureyri, veitingabás í verslun krónunnar. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
7. Kjörís ehf., kt. 690169-4289, Dalsbraut 1L-M 147479, 600 Akureyri, vörugæymsla og dreifing
8. Hörgársveit kt. 510101-3830, Þelamerkurskóla, 604 Akureyri, gsrúnskóli með mótuneyti
9. Menntaskólinn á Akureyri kt. 460269-5129, Eyrarlandsvegi 28, 600 Akureyri, fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi –
10. Akureyri Backpackers ehf., kt. 4507111360, Hafnarstræti 98, 600 Akureyri, sala á einföldum veitingum og gistingu
11. Hildur Rún Ríkarðsdóttir kt. 141092-2789, Frostagötu 1, 603 Akureyri, fótaaðgerðarstofa.
Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

7. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Vilborg Daníelsdóttir kt. 130776-3299, gróðurhús á Lónsbakka í Hörgársveit, niðurrif mannvirkja
2. Akureyrarbær kt.410169-6229 Norðurgata 7b, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja
3. VS Kírópraktík ehf., kt. 650122-1270, Frostagötu 1a, 603 Akureyri, Kírópraktor
4. Project Aurora I ehf., kt. 600224-0500, Halllandsnes, 606 Akureyri, niðurrif mannvirkja

8. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður í desember.

Fundi slitið kl. 10:30

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Skarphéðinn Birgisson